

121. fundur dómara nefndar 2. Nóvember 2023 kl. 18:00 í Pálsstofu, Laugardalslaug.

Mættir: Viktoría Gísladóttir, Ragnheiður Birna Björnsdóttir, Sigurbór Sævarsson, Ingibjörg Ýr Pálmadóttir, Björn Valdimarsson, Lárus Lúðvík Hilmarsson.

Forföll: Bryndís Sigurðardóttir.

Fundarefni:

Næstu sundmót:

Speedo mót ÍRB í Vatnaveröld, 4. – 5. nóvember

ÍM 25 í Ásvallalaug, 10. – 12. nóvember

Aðventumót Fjölnis í Laugardalslaug, 25. – 26. nóvember

Bikarkeppni SSÍ í Laugardalslaug, 15. – 16. desember

Nýársmót ÍF í Laugardalslaug, 6. janúar 2024

Reykjavíkurmeistaramót í Laugardalslaug, 12. – 14. janúar 2024

Dómaranámskeið á haustönn:

Haldið var dómaranámskeið í Ásvallalaug 18. Október, fjórir þátttakendur voru á námskeiðinu og eru tvö þeirra búin að klára verlega þjálfun.

Næsta námskeið verður í Laugardalslaug í tengslum við Aðventumót Fjölnis, 22. Nóvember – Björn Valdimarsson og Lárus Lúðvík Hilmarsson verða leiðbeinendur. Verður staðnámskeið og jafnframt sent út í streymi.

Dómarar uppfærðir úr nema í almenna dómara: Jón Ágúst Guðmundsson – Fjölnir, Lilja Dóra Guðmundsdóttir – SH

ÍM 25 – byrjað er að vinna skráningar dómara, fer hægt af stað en lofar góðu.

Erlend verkefni sem SSÍ er búin að senda umsóknir fyrir:

HM 50 í Doha, Qatar þann 11. – 18. febrúar 2024: Björn Valdimarsson

Olympíuleikar 2024 í París þann 26. júlí – 11. ágúst 2024: Björn Valdimarsson

Staðfestar umsóknir:

EA hefur samþykkt umsóknir Ragnheiðar Birnu Björnsdóttur og Viktoríu Gísladóttur til starfa á EM Garpa í 25m laug á Madeira, Portúgal 19. - 26. nóvember 2023

EA hefur samþykkt umsókn Ingibjargar Ýr Pálmadóttur til starfa á EM 25 í Otopeni, Rúmeníu 5. – 10. Desember 2023

Dómaranefnd hefur borist erindi frá stjórn SSÍ um að Hörður J. Oddfríðarson verði skráður hjá dómara nefnd sem tæknistjóri SSÍ (NTO - national technical official). Dómaranefnd mun skrá Hörð á nafnalista sem tæknistjóra SSÍ.

Fundi slitið kl. 20:00